

Deildarnámskrá Bangsadeildar

Aðlögun

Aðlögun fer þannig fram að börnin fara í stuttar heimsóknir yfir á næstu deild með starfsmanni og eftir því sem á líður lengjast heimsóknirnar.

Matur

- Við matarborðið læra þau að beita hnífapörum og þar með færni í fínhreyfingum.
- Lögð er áhersla á snyrtimennsku og kurteisni.
- Börnin læra að biðja um aðstoð og þakka fyrir sig.
- Þau læra að sitja saman sátta og spök.
- Þau læra einnig að ganga frá eftir sig.
- Þau læra hin ýmsu heiti yfir matinn sem við borðum.

Hvíld

- Börnin læra að meta rónna sem fylgir því að leggjast útaf og hlusta á rólega tónlist eða sögur.
- Þau læra að fara eftir fyrirmælum.

Salerni

- Börnin læra að bjarga sér sjálf á snyrtingunni.
- Þau læra að hreinlæti er nauðsynlegt; þvo sér og mikilvægi sápu.
- Þau læra að girða sig sjálf (hneppa, smella...).
- Þau læra að bíða þar til röðin komi að þeim.

Fataklefnn

- Börnin læra að klæða sig í og úr útifötum, renna, smella, setja yfir og þar með færni í fínhreyfingum.
- Þau læra ýmis orð og hugtök sem tengist því sem við klæðumst.
- Þau læra að biðja um aðstoð.
- Þau ganga frá fötunum sínum.

Útivera og salur

Börnin læra á umhverfi leikskólans inni sem úti og læra ýmsa inni- og útileiki. Í útiveru og sal læra þau ýmislegt eins og að skiptast á, leika saman, hreyfingu, ýmsa dansa og félagsleg samskipti.

- Börnin læra á sitt nánasta umhverfi utan og innan leikskólalóðar.
- Læra að sýna umburðarlyndi.
- Þau læra að deila með sér dóti og hlutum og leysa ágreining með orðum.
- Þau læra að sýna samkennd og meðaumkun.
- Læra flóknari hlutverkaleiki og ímyndunarleiki.
- Læra að fara eftir reglum í skipulögðum leikjum.
- Læra umferðarreglur og að halda hópinn í skipulögðum ferðum utan leikskólans.
- Þau læra á líkama sinn, eigin getu og hugrekki.
- Þau læra að vera í smærri/stærri hóp og fara eftir fyrirmælum.

Með hreyfingu ná börnin færni í:

- Að hlaupa og hreyfingum sem eru léttar og án áreynslu.
- Að standa og hoppa á öðrum fæti.
- Að grípa og kasta bolta.
- Ná færni og hugrekki í klifur í rimlum og öðru þrili.
- Einföldum og flóknari hópleikjum.
- Ná tókum á einföldum og flóknari dönsum sem verið er að kenna hverju sinni.

Leikur er nám

Mikil áhersla er lögð á leikinn, þar sem hann er mikilvæg náms- og þroskaleið barnsins. Í leiknum læra börnin að fara vel með leikföngin og ganga frá þeim eftir sig.

- Börnin læra samkennd og að deila með sér leikföngum/hlutum og leysa ágreining með orðum.
- Hlutverkaleikur þeirra verður flóknari og dýpri þar sem félagsþroskinn og það að tjá sig með orðum hefur tekið miklum framförum.
- Leikur með einingakubbana þróast og verður flóknari.
- Þau ráða við mun flóknari tölvuleiki en áður.
- Þau ráða við erfiðari púsl og spil.
- Þau læra að meta rónna sem fylgir því að sitja við borðleiki og að leika í rólegum leik.
- Þau læra að fólk er jafn ólíkt og það er margt, enginn er eins og allir geta verið með á sínum forsendum.
- Þau læra grunninn í orsök og afleiðing.
- Þau læra að það er mikilvægt að vera góð við hvert annað.
- Þau læra mikilvægi þess að klára það verkefni sem hafið er.

Myndsköpun

- Þau læra á ólíkan efnivið í Listaskála og nánasta umhverfi.
- Þau læra grunninn í litablöndum (rauður og hvítur litur verði að bleikum lit).
- Þau læra að teikna sjálfsmyndir sem eru skýrar og nánustu fjölskyldu.
- Þau læra form/útlit og heiti.
- Þau ná góðri færni í fínhreyfingum.
- Þau ná færni í góðu gripi um skriffæri.
- Þau ná að klippa út eigin teikningar.
- Þau læra að tjá sig og segja frá verkum sínum.
- Þau læra frjálssa sköpun og að bera virðingu fyrir verkefnum annarra.

Málproski (hópastarf og samverustundir)

Börnin læra í daglegum samskiptum að efla íslenska málvitund. Þau læra ný orð, hugtök og þróa tungumálið. Einnig fá þau málörvun á skipulögðum tímum eins og í gæðastundunum. Börnin læra að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfinu, meðal annars í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál og tákni. Í Samverustundum velja börnin að ganga í hin ýmsu hlutverk eins og matarþjónar, söngstjóri, vatnsberi og fleira. Lögð er áhersla á að byggja upp jákvæða sjálfsmynd allra barna þannig að þau geti sýnt styrkleika sinn og þekkingu.

Samverustundir

- Börnin læra í daglegum samskiptum að efla íslenska málvitund.
- Þau læra ýmis afstöðuhugtök (ofar, hliðar, hærri, framan, aftan...).
- Þau ráða við flóknari fyrirmæli að minnsta kosti þrjú til fimm atriði.
- Þau ráða við flóknari sögur, færri myndir, lengri texti og geta hlustað í um það bil 20 mínútur.
- Þau eru enn að ná tökum á beygingum orða, kyn orða og hluta og muninum á fleirtölu og eintölu.
- Þau læra að standa fyrir framan aðra og tjá sig.
- Þau geta sagt frá sér með orðum (nafn, búseta, fjölskylda, aldur).
- Þau læra að tjá tilfinningar sínar með orðum.
- Börnin læra að sitja saman í hópi í sátt og samlyndi.
- Þau læra ýmis heiti yfir daga, mánuði, árstíðir, dýrin, hljóðfæri, matinn sem við borðum, fötin sem við klæðumst.
- Þau læra að sitja og hlusta á aðra og bíða eftir að röðin komi að sér.
- Þau læra að standa fyrir framan aðra og tjá sig.
- Þau læra hin ýmsu lög sem sungin og spiluð eru.
- Þau læra hina ýmsu leiki sem farið er í hverju sinni.
- Þau læra að hlusta á sögur og ævintýri, þulur og rímur.

- Þau læra að þekkja nafnið sitt og annarra á prenti.
- Þau læra stafina og sum þeirra læra tölustafina.

Hópastarf

Börnin læra að vinna saman í hópi; litlum og stærri. Í hópastarfi tilheyrir barnið hóp og fer með sínum hóp inn í skipulagt leikumhverfi.

- Börnin læra að vinna saman í litlum hópi.
- Þau læra að bíða eftir að röðin komi að þeim.
- Þau læra að tjá sig og segja frá.
- Þau læra að hlusta og taka tillit til annarra.
- Þau læra að telja upp í 10-25.
- Þau læra talnagildi 5-10.
- Þau læra að vinna með ólíkan efnivið.
- Þau ná góðri færni í fínhreyfingum.
- Þau læra að beita skærum.
- Þau læra um sjálfa sig og umhverfið sitt.
- Þau kynnast heimamenningu annarra þar sem þau eru í fjölmennningarleikskóla.

Annað

- Í gegnum allt starfið læra börnin tákni með tali.
- Þau læra að bera virðingu fyrir ólíkri menningu fólks.
- Þau læra að við erum jafn ólík og við erum mörg.
- Börnin læra að þau hafi val en það er hinn fullorðni sem setur reglur.